

Fundargerð aðalfundar Skeljungs hf.

26. mars 2019

Þriðjudaginn 26. mars 2019 er aðalfundur Skeljungs hf. haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, í fundarsal E. Fundurinn hófst kl. 16.15.

1. Setning fundar. Kjör fundarstjóra og fundarritara.

Jón Diðrik Jónsson, stjórnarformaður félagsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Viðar Lúðvíksson hrl. var kjörinn fundarstjóri og Gróa Björg Baldvinsdóttir hdl. var kjörin fundarritari.

Fundarstjóri fór yfir fundarboðun en til fundarins var boðað með auglýsingu sem birtist í Kauphöll og á heimasíðu félagsins þann 1. mars 2019. Meðfylgjandi fundarboðuninni var dagskrá, ályktunartillögur til fundarins, skýrsla og tillögur tilnefningarnefndar og upplýsingar um réttindi hluthafa. Engin breyting var gerð á dagskránni eða tillögnum frá birtingunni. Lýsti fundarstjóri því að til fundarins hefði verið boðað með lögmeðum hætti í samræmi við ákvæði laga og samþykka félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir hverjir sætu fundinn. Fundinn sátu fjórir stjórnarmenn, þau Jón Diðrik Jónsson, Birna Ósk Einarsdóttir, Jens Meinhard Rasmussen og Baldur Már Helgason, fulltrúar allra undirnefnda stjórnar, Hendrik Egholm forstjóri félagsins, Benedikt Ólafsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs, Ingunn Agnes Kro framkvæmdastjóri skrifstofu- og samskiptasviðs, Már Erlingsson aðstoðarforstjóri og framkvæmdastjóri rekstrarsviðs auk fleiri starfsmanna félagsins. Einnig sátu fundinn endurskoðendur félagsins, Halla M. Helgadóttir og Matthías Þór Óskarsson, frá KPMG ehf.

Því næst fór fundarstjóri yfir dagskrá fundarins, eins og hún hafði birst í fundarboði, en hún var svohljóðandi:

2. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess s.l. starfsár.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýringum endurskoðenda, lagður fram til samþykktar.
4. Ákvörðun tekin um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu.
5. Tillaga stjórnar um óbreytta starfskjarastefnu og skýrsla um framkvæmd fyrri stefnu.
6. Ákvörðun tekin um þóknun stjórnarmanna, undirnefnda og endurskoðanda.
7. Skýrsla og tillögur tilnefningarnefndar að stjórn.
8. Kosning stjórnar félagsins.
9. Kosning tilnefningarnefndar.
10. Kosning endurskoðunarfyrtækis.
11. Önnur mál löglega upp borin.

Fundarstjóri bað fundargesti að láta vita ef þeir óskuðu eftir að taka til máls.

Fundarstjóri benti á að atkvæðagreiðsla verði skrifleg hvað varðar kjör stjórnarmanna en lagði til að öðru leyti færi atkvæðagreiðsla á fundinum fram með handauppréttingu og gerðu fundarmenn engar athugasemdir þar við.

Þá greindi fundarstjóri frá því að fundurinn væri pappírslaus en fundargögn hefðu verið aðgengileg á vefsíðu félagsins.

Fundarstjóri greindi frá því að þar sem honum var að berast mætingalisti hluthafa yrði upplýst síðar á fundinum um fjölda hluthafa og atkvæða á fundinum.



Fundarstjóri gaf því næst Jóni Diðriki Jónssyni, stjórnarformanni félagsins, orðið til að kynna skýrslu stjórnar félagsins.

2. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess s.l. starfsár.

Jón Diðrik Jónsson, formaður stjórnar félagsins, kynnti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu atriðin úr rekstri félagsins árið 2018.

Jón Diðrik kvað árið 2018 hafi verið farsælt í rekstri Skeljungs. Mjög góður gangur í kjarnastarfsemi félagsins. Skipulagið var einfaldað árið 2017 þannig að öll ákvarðanatöku er skilvirkari, samlegð og lærdómur milli eininga. Til að mynda lækkaði kostnaður vegna launa um 6%, þar af lækkaði kostnaður vegna stjórnna um 5% á árinu frá 2017 og kostnaður vegna framkvæmdastjórnna um 32,2%. Þetta gerist á sama tíma og verið er að auka þróun í starfi félagsins og aukin áhersla á gæði og öryggismál. Á sama tíma er launaprýstingur mikill á Íslandi og í Færeyjum.

Á síðasta aðalfundi kvað Jón Diðrik hafa talað um áherslur í þróun félagsins. Framboð á orkugjöfum er meira en á árinu voru opnaðar tvær vetnisstöðvar. Auk þess sem kláruð voru kaup á 70% í Demich í Færeyjum en þar getur félagið tekið þátt í því að leiða þar orkuskipti yfir í varmaveitur jafnhliða þjónustu á olíukyndingu á heimilum og fyrirtækjum. Skeljungur hefur einnig tekið þátt í skoðun á dreifingu á rafmagni í Færeyjum en tíminn mun leiða í ljós hvort okkur gerist kleift að taka frekari þátt í þróun á þeim markaði.

Þriðja sviðið ef svo má segja er þjónusta á Norður-Atlantshafi. Höfum eytt tíma og þekkingu í að byggja þar upp og undirbúa enn frekari áherslu í uppbyggingu þar á næstu árum.

Þá hefur einnig mikil vinna farið í að endurskoða smásölureksturinn. Mikil stefnumótunarvinna með alþjóðlegu teymi. Áhersla okkar verður á þægindaverslun, netverslun og afgreiðslu ýmis varnings á þjónustustöðvum.

Við teljum að rekstur á kjarnastarfsemi félagsins sé orðinn sterkur, stefna og sýn okkar til framtíðar í þróun sé skýr, mannauður og skipulag með ágætum og því framtíð félagsins góð.

Jón Diðrik sagði að hann myndi hætta í stjórn Skeljungs á þessum aðalfundi eftir fimm ár hjá félaginu. Hann þakkaði hluthöfum traustið, stjórnarmeðlimum fyrir frábært samstarf og stjórnendum og starfsfólki gott vinnuframlag og samstarf undanfarin ár.

Fundarstjóri gaf orðið laust í kjölfar kynningar Jóns Diðriks. Enginn tók til máls.

3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýringum endurskoðenda, lagður fram til samþykktar.

Fundarstjóri gaf Hendrik Egholm, forstjóra félagsins, orðið til að fara yfir ársreikning félagsins 2018. Hendrik Egholm, forstjóri félagsins, tók til máls.

Hendrik kvaðst byrja á því að fara að rekstrarlegum atriðum í félaginu og síðan yfir reikninga félagsins.

Skeljungi gekk vel árið 2018 og skilaði methagnaði fyrir fjármagnsliði og einnig met í heildarafkomu. Framlegð sölu hækkaði um 9% (7.809m) og EBITDA um 25% (3.261m) miðað við árið 2017. Hagnaður var 1.573m sem er 38% hækkan frá árinu áður. Þá var 11% lækkan á launakostnaði þó við séum með rekstur í tveimur löndum með mikinn launaprýsting, Íslandi og Færeyjum.



Rekstur Skeljungs var betri á öllum þremur vígstöðum; metár á Íslandi, Færeyjum og í alþjóðlegri sölu. Þessir markaðir starfa allir saman í félaginu.

Þá minnst Hendrik á að þær skipulagsbreytingar og breytingar sem gerðar voru á rekstri félagsins á seinni hluta ársins 2017 og fram eftir árinu 2018 hafi haft jákvæð áhrif með aukinni skilvirkni og samkeppnishæfni. Hann sagði að starfsfólk félagsins hafi unnið afar vel í þessum breytingum og vildi hann nota tækifærið og koma því á framfæri.

Hendrik sagði að félagið horfi ekki bara til næsta ársfjórðungs. Vísaði Hendrik til umfjöllunar Jón Diðriks um stefnumótunarvinnu félagsins og sagði að sumt af því sem stefnt hafi verið að hjá félaginu hafi verið sett í framkvæmd árið 2018. Sem dæmi um slíkt nefndi Hendrik minniháttabreytingar á einstaklingsmarkaðnum, vetnisstöðvarnar og kaup félagsins á Demich. Hendrik fór yfir helstu atriði í tengslum við vetnið og hver sýn félagsins er á þann orkugjafa.

Þá fór Hendrik yfir helstu breytingar á nýrri samfélagsstefnu félagsins og helstu samfélagsverkefni á árinu en m.a. var félagið eitt af stofnendum Votlendissjóðsins á árinu 2018, tók stóran þátt í orkuskiptum með opnum vetnisstöðva og lagði megináherslu á umhverfis- og loftslagsmál.

Að lokum fór Hendrik yfir áherslu félagsins til framtíðar en kjarnastarfsemi félagsins verður nýtt til þess að skapa tekjustrauma. Skeljungur hefur fjárfest í vinnu tengt frekari útfærslu á smásölurekstri með áherslu á þægindi, mun áfram þróa framboð sitt í hreinum orkugjöfum, vera leiðandi í sölu til alþjóðlegra skipa á N-Atlantshafi og áfram leggja áherslu á kostnaðaraðhald og umbætur í rekstri félagsins.

Hendrik fór því næst yfir ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2018.

Framlegð samstæðunnar á árinu 2018 nam 7.809 m.kr. samanborið við 7.183 m.kr. árið 2017. Laun og launatengd gjöld námu 2.122 m.kr. samanborið við 2.252 m.kr. árið áður. Hrein fjármagnsgjöld voru 427 m.kr. en 413 m.kr. fyrir árið 2017. Rekstrarhagnaður (EBIT) var 2.373 m.kr. samanborið við 1.786 m.kr. árið áður. Hagnaður ársins nam 1.573 m.kr. en var 1.143 árið 2017.

Samkvæmt efnahagsreikningi ársins nema eignir samtals 24.751 m.kr. en var 20.999 m.kr. árið 2017. Eigið fé nam 9.004 m.kr. en var 7.881 m.kr. árið 2017. Samtals námu skuldir ársins 2018 15.747 m.kr. en árið áður námu þær 13.118 m.kr.

Forstjórinn fór yfir sjóðstreymi félagsins og kvað handbært fé frá rekstri fyrir árið 2018 hafa numið 171 m.kr. en að það hafi verið 1.104 m.kr. árið áður.

Fundarstjóri gaf því næst orðið laust. Enginn hluthafi óskaði eftir að taka til máls. Fundarstjóri tiltók að ekki yrði sérstaklega farið yfir móðurfélagsreikninginn nema þess væri óskað en sá reikningur lægi frammi fyrir þá sem óskuðu eftir að kynna sér hann. Fundarstjóri bar því næst fyrirliggjandi ársreikning félagsins fyrir árið 2018 og ársreikning samstæðunnar undir atkvæði.

Ársreikningur og samstæðureikningur voru samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

4. Ákvörðun tekin um hvernig fara skuli með hagnað félagsins á reikningsárinu.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2019 vegna rekstrar ársins 2018. Fundarstjóri benti á smávægilega breytingu á framlagðri tillögu stjórnar samkvæmt fundarboði og las upp eftirfarandi texta sem birtur var á glæru á fundinum til nánari skýringar á breytingunni:



„Tillagan samkvæmt fundarboði:

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2019 vegna rekstrar ársins 2018. Samkvæmt samþykktri arðgreiðslustefnu félagsins er stefnt að því að greiða árlega til hluthafa 30-50% af hagnaði í formi arðgreiðslu eða endurkaupa á hlutum. Í samræmi við framangreint leggur stjórn félagsins fram tillögu um endurkaup á eigin hlutum sem nemur allt að 550 m.kr. að markaðsvirði.

Breytingartillaga (sjá breytingar feitletraðar):

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2019 vegna rekstrar ársins 2018. Samkvæmt samþykktri arðgreiðslustefnu félagsins er stefnt að því að greiða árlega til hluthafa 30-50% af hagnaði í formi arðgreiðslu eða endurkaupa á hlutum. Í samræmi við framangreint **mun stjórn félagsins síðar leggja** fram tillögu um endurkaup á eigin hlutum sem nemur allt að 550 m.kr. að markaðsvirði.

Skýring: Til þess að framkvæma áætluð endurkaup þarf stjórn heimild hluthafafundar sem geta þarf um í sérstökum viðauka við samþykktir félagsins. Tillaga um breytingu á samþykktum félagsins var ekki á dagskrá þessa fundar. Samþykki fundurinn framangreinda tillögu mun stjórn félagsins því boða til hluthafafundar til þess að kjósa um formlega heimild stjórnar til endurkaupa en stefnt er að því að hún komi til framkvæmda í framhaldi af uppgjöri fyrsta ársfjórðungs 2019.“

Fundarstjóri benti á að þar sem breytingartillagan gengi skemur og rúmaðist því innan fyrri tillögu stjórnar teldi fundarstjóri hana tæka til atkvæðagreiðslu. Stjórnin væri því í raun að falla frá fyrri tillögu sem ekki yrði borin undir atkvæði nema hún hefði einhvern flutningsmann. Fundarstjóri spurði hvort einhver hluthafi vildi standa við upphaflegu tillöguna en svo var ekki. Þá óskaði enginn eftir að taka til máls varðandi þennan dagskrárlið.

Breytingartillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Tillaga stjórnar um óbreytta starfskjarastefnu og skýrsla um framkvæmd fyrri stefnu.

Fundarstjóri vísaði til skýrslu um framkvæmd gildandi starfskjarastefnu á árinu 2018, sem legið hefði fyrir á heimasíðu félagsins síðastliðnar tæpar fjórar vikur.

Stjórn lagði til að gildandi starfskjarastefna verði óbreytt. Auk þess hefur stjórn lagt til nánari útfærslu á kaupaukakerfi félagsins og endurnýjun starfskjarastefnu þess en fundarstjóri las upp eftirfarandi texta frá stjórn félagsins sem fram kom á glæru fundarins:

„Nánari útfærsla og endurnýjun starfskjarastefnu

- Stjórn hefur ákveðið að breyta kaupaukakerfi lykilstjórnenda fyrir árið 2019 á þann hátt að hámarks útgreiðsla vegna kaupauka vegna rekstrarársins 2019 verði 25% álag á laun.
- Stjórn mun taka starfskjarastefnu félagsins til endurskoðunar á árinu. Ný stefna mun meðal annars innihalda nákvæmari útlistun um hámarkskaupauka og verður hún borin upp til samþykktar á næsta aðalfundi.“

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bar tillögu stjórnar um óbreytta starfskjarastefnu undir atkvæði.

Tillaga stjórnar um óbreytta starfskjarastefnu var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.



6. Ákvörðun tekin um þóknun stjórnarmanna, undirnefnda og endurskoðanda.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar, þ.e. að þóknun verði óbreytt frá síðasta ári, sbr.:

- a. Stjórnarformaður: 650.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- b. Varaformaður stjórnar: 450.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- c. Meðstjórnendur: 320.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- d. Formaður endurskoðunarnefndar: 100.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- e. Nefndarmaður endurskoðunarnefndar: 60.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- f. Formaður starfskjaranefndar: 60.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- g. Nefndarmaður starfskjaranefndar: 30.000 kr. mánaðarleg greiðsla
- h. Formaður tilnefningarnefndar: 20.000 kr./klst. í verktöku
- i. Utanaðkomandi nefndarmaður tilnefningarnefndar: 20.000 kr./klst. í verktöku
- j. Stjórnarmaður í tilnefningarnefnd: 60.000 kr. eingreiðsla
- k. Endurskoðandi: samkvæmt reikningum

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn óskaði eftir að taka til máls. Fundarstjóri bar tillöguna upp til atkvæða.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. Skýrsla og tillögur tilnefningarnefndar að stjórn.

Fundarstjóri gaf Katrínu S. Óladóttur, formann tilnefningarnefndar, orðið.

Katrín vísaði til skýrslu tilnefningarnefndarinnar um starfsemi nefndarinnar síðastliðið ár en hún fylgdi með fundarboði. Í tilnefningarnefnd sátu Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs, Trausti Fannar Valsson, dósent við lagadeild HÍ og Jens Meinhard Rasmussen, stjórnarmaður Skeljungs. Katrín var á fyrsta fundi nefndarinnar kjörin formaður nefndarinnar.

Katrín fór yfir hlutverk og markmið með störfum tilnefningarnefndar, sem væri að koma á gegnsæju og skýru fyrirkomulagi tilnefninga stjórnarmanna á aðalfundi, hafa ráðgefandi hlutverk við val á stjórnarmönnum og leggja tillögu þess efnis fyrir aðalfund. Við framkvæmd starfa sinna skal tilnefningarnefnd taka mið af heildarhagsmunum hluthafa félagsins.

Þá fór Katrín yfir störf nefndarinnar sl. ár sem fólst m.a. í því að kynna sér starfsemi og skipulag Skeljungs, greina æskilega styrkleika stjórnarmanna í stjórn og útbúa lýsingu á þeim þáttum sem nefndin taldi mikilvæga fyrir stjórn.

Katrín kynnti því næst framboð sem nefndinni bárust en það var frá þremur af sitjandi stjórnarmönnum, þ.e. Baldri M. Helgasyni, Birnu Ósk Einarsdóttur og Jens Meinhard Rasmussen. Jón Diðrik Jónsson og Gunn Ellefsen gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Einnig bárust framboð frá Ata Bærentsen, Kjartani Erni Sigurðssyni og Kristjáni Geir Gunnarssyni.

Við matið leit nefndin til þess að stjórnin myndi sterka og faglega heild í þágu félagsins og hluthafa þess. Í skýrslunni kemur fram skilgreining á lykilhæfni og þekkingu. Við mótun tillögu sinnar lítur tilnefningarnefnd til verkefna sem framundan eru hjá Skeljungi.

Því næst kynnti Katrín tillögur nefndarinnar að stjórn félagsins.

- Ata Bærentsen
- Baldur M. Helgason
- Birna Ósk Einarsdóttir
- Kristján Geir Gunnarsson
- Jens Meinhard Rasmussen

Fundarstjóri spurði hvort einhver vildi taka til máls.

Kjartan Örn Sigurðsson, frambjóðandi, óskaði eftir að taka til máls. Kjartan sagði að s.l. haust hafi hluthafar Skeljungs nálgast Kjartan og spurt hvort hann væri reiðubúinn að bjóða sig fram til setu í stjórn Skeljungs. Kjartan gagnrýndi og benti á að hann hafi ekki verið boðaður í viðtal hjá tilnefningarnefnd og vildi Kjartan því nýta tækifærið og kynna sig. Hann telur skýrsluna ekki gefa rétta mynd af þekkingu né reynslu sinni. Kjartan fór því næst yfir menntun sína, helstu störf og þátttöku hans í stjórn ýmissa fyrirtækja og félaga. Kjartan vísaði til þeirra þátta sem tilnefningarnefnd lagði áherslu á í mati sínu og taldi Kjartan sig fullnægja þeim þáttum. Þakkaði Kjartan fyrir orðið og óskaði eftir stuðningi hluthafa.

Fundarstjóri spurði hvort einhver vildi tjá sig frekar um skýrslu tilnefningarnefndar.

Fram kom fyrirspurn úr sal, frá Magnúsi Erni Guðmundssyni hjá sjóðastýringarfyrirtækinu Stefni, hvort formaður tilnefningarnefndar gæti svarað af hverju frambjóðendur voru ekki boðaðir í viðtal.

Katrín tók til máls og svaraði framkominni fyrirspurn. Katrín sagði að þegar nefndinni varð ljóst að ekki myndu allir í sitjandi stjórn bjóða sig fram að þá fór nefndin að kanna hverjir væru á þessum markaði sem væru áhugaverðir kostir. Nefndin setti saman álitlegan hóp einstaklinga til að undirbúa að mögulega þyrfti nefndin að finna kandiðata ef það kæmu ekki framboð eða t.d. tillögur frá hluthöfum. Nefndin fundaði svo með nokkrum af stærstu hluthöfum félagsins. Nefndin mat það síðan svo að lokum að eiga ekki viðtöl við frambjóðendur og var ástæðan fyrst og fremst vegna þess að nefndin og sérstaklega formaður hennar hafa verið lengi í íslensku viðskiptalífi og fylgst með framgöngu manna og taldi nefndin ekki ástæðu til þess að kalla þessa tvo aðila sérstaklega í viðtal. Katrín benti þó á að báðir þessir frambjóðendur voru hæfir en nefndin varð að velja og var niðurstaða nefndarinnar sameiginleg niðurstaða allra nefndarmanna.

Fundarstjóri spurði hvort aðrir vildu taka til máls. Svo var ekki.

8. Kosning stjórnar félagsins.

Fundarstjóri tiltók að fram hefðu komið kröfur frá meira en 10% hluthafa um margfeldiskosningu og sú krafa hafi komið innan tilskilinna tímafresta og væri metin löglega fram komin skv. 7. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög. Til að skýra þetta nánar las fundarstjóri ákvæði 6. mgr. 63. gr. sömu laga þar sem kveðið er á um framkvæmd margfeldiskosningar. Þá útskýrði fundarstjóri nánar framkvæmd kosninganna með vísan til samþykktu Skeljungs og ákvæða laga um hlutafélög. Auk þess benti fundarstjóri á að í 63. gr. laga um hlutafélög er fjallað um stjórnarkjör en þar segir m.a. að í stjórn skuli eiga sæti fæst 5 menn og að hlutfall hvors kyns skuli ekki vera lægra en 40%. Í sömu grein kemur fram að ef ekki náist viðhlítandi niðurstaða megi samþykkja nauðsynlega breytingu með nýrri ákvörðun hluthafafundar en ákvæði um þetta efni skuli taka upp í samþykktir félagsins. Þar sem slíkt ákvæði sé ekki fyrir hendi í samþykktum Skeljungs vildi fundarstjóri benda hluthöfum á að ef ákvæði laga um kynjahlutföll væru ekki uppfyllt, teldist viðkomandi kosning eða niðurstaða ekki gild. Ef niðurstaða kosningarinnar væri ekki gild eða lögmæt yrði að endurtaka atkvæðagreiðslu þar til gild niðurstaða fengist þar sem ekki er ákvæði um



annað í samþykktum félagsins. Fundarstjóri fór nánar yfir stöðuna og spurði hvort einhver vildi tjá sig um þetta atriði um margfeldiskosninguna, um 63. gr. laga um hlutafélög og þá framkvæmd sem fundarstjóri lagði til á fundinum. Enginn óskaði eftir að tjá sig um það.

Fundarstjóri kynnti þá aðila sem hafa gefið kost á sér til stjórnarsetu.

Í framboði til stjórnar voru eftirtaldir aðilar:

Ata Maria Bærentsen
Baldur Már Helgason
Birna Ósk Einarsdóttir
Jens Meinhard Rasmussen
Kjartan Örn Sigurðsson
Kristján Geir Gunnarsson

Kjartan Örn Sigurðsson frambjóðandi hefur þegar kynnt sig. Fundarstjóri sagði að sér hefði verið falið að lesa upp orðsendingu frá Kristjáni Geir Gunnarssyni frambjóðanda en áður en að því kæmi spurði fundarstjóri hvort aðrir frambjóðendur vildu kynna sig stuttlega. Svo var ekki.

Fundarstjóri las því næst fyrrnefnda orðsendingu frá Kristjáni Geir.

Fundarstjóri spurði hvort fundarmenn hefðu spurningar um framkvæmdina eða hvort einhver vildi tjá sig áður en gengið yrði til stjórnarkjörs. Enginn óskaði eftir að tjá sig. Fundarstjóri benti hluthöfum á að hann gæti ekki útilokað að vegna þess hvernig reglurnar eru um kynjahlutföll í stjórn og vegna þess að í dag er beitt margfeldiskosningu sem byði upp á ákveðnar flækjur væri hugsanlegt að hluthafar þyrftu að greiða atkvæði aftur ef niðurstaða fyrstu atkvæðagreiðslu færi gegn áðurnefndum reglum um kynjahlutföll.

Fundarstjóri fór því næst yfir fyrirkomulag atkvæðagreiðslunnar og bauð hluthöfum að ganga til atkvæðagreiðslu. Að lokinni atkvæðagreiðslu var gert hlé.

Að loknu hléi og lokinni afgreiðslu liða 9 og 10 í dagskrá fundarins kynnti fundarstjóri eftirfarandi niðurstöðu úr kjöri stjórnar:

Með 1.358.134.533 atkvæði – Baldur Már Helgason
Með 1.341.835.316 atkvæði – Jens Meinhard Rasmussen
Með 1.257.288.960 atkvæði – Ata Maria Bærentsen
Með 1.257.216.497 atkvæði – Birna Ósk Einarsdóttir
Með 1.250.753.004 atkvæði – Kjartan Örn Sigurðsson

Þessir fimm einstaklingar teljast réttkjörnir í stjórn félagsins og var stjórnin boðin velkomin til starfa með lófataki.

9. Kosning tilnefningarnefndar.

Á meðan talning atkvæða fór fram, undir lið 8, fékk fundarstjóri leyfi fundarins til að ljúka við afgreiðslu annarra liða dagskrár fundarins. Enginn gerði athugasemd við þá framkvæmd.

Ein í framboði til tilnefningarnefndar félagsins voru þau Katrín S. Óladóttir og Sigurður Kári Árnason og voru þau því sjálfkjörin.


Katrín S. Óladóttir 7

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Enginn annar óskaði eftir að taka til máls undir þessum dagskrárlið. Nefndin var því boðin velkomin með lófataki.

10. Kosning endurskoðunarfyrtækis.

Tillaga stjórnar var á þá leið KPMG yrði endurkjörð sem endurskoðunarfyrtæki félagsins.

Enginn óskaði eftir að fá að taka til máls undir þessum dagskrárlið. Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri fór því næst yfir mætingu til fundarins, en til hans var mætt fyrir 44 hluthafa í félaginu sem færu með tæplega 72,43% hlutfjár í félaginu og samtals með 1.486.687.344 atkvæði.

11. Önnur mál löglega upp borin.


Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum.

Fundarstjóri gaf þá laust orðið.

Enginn óskaði eftir því að taka til máls undir þessum dagskrárlið.

Fundarstjóri bauð hluthöfum því næst að fundargerðin yrði lesin upp og fundarmönnum gefinn kostur á að gera athugasemdir við hana, en enginn fundarmanna óskaði þess. Upplestri var því sleppt.

Fleira var ekki gert og var aðalfundi félagsins slitið kl. 17:55.


Viðar Lúðvíksson hrl., fundarstjóri


Gróa Björg Baldvinsdóttir hdl., fundarritari

Meðfylgjandi

- Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn.